

# Ársskýrsla 2014



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Starfsemin á árinu.....	2
Hitaveita .....	3
Vatnsveita .....	4
Fráveita.....	5
Rannsóknir og þróun.....	6
Samtök – dóttur og hlutdeildarfélag .....	6
Mannauðsmál.....	6
Styrkveitingar.....	7



## Starfsemin á árinu

**Gjaldskrá** Orkuveitu Húsavíkur ohf. (OH) tók breytingum á árinu. Nýir gjaldflokkar bættust við fast gjald hitaveitu og miðast þeir við stærð mæla. Fram til þessa lagði OH aðeins á eitt gjald óháð stærð mæla. Hið rétta er að OH hefur mismunandi kostnað af mælum og þjónustu við þá eftir stærð þeirra. Þá er kostnaður OH mismunandi eftir veitusvæðum. Nýir gjaldflokkar endurspeglu þennan breytileika og var með breytingunni leitast við að gæta jafnræðis milli notenda.

Breytingar urðu einnig á heimæðagjöldum hitaveitu og vatnsveitu. OH hafði fram að þessu hækkað heimæðagjöld til samræmis við hækkun vísitölu neysluverðs. Kostnaður við lagningu heimæða var orðinn hærri en gildandi verðskrá gerði ráð fyrir. Ný gjaldskrá vegna heimæða endurspeglar raunkostnað.

**Aðalfundur** Orkuveitu Húsavíkur ohf. vegna starfsársins 2013 var haldinn í stjórnarsýsluhúsi Norðurþings á Húsavík hinn 29. apríl 2014. Jón Helgi Björnsson fór með umboð sveitarfélagsins Norðurþings, eiganda OH.

Stjórnarformaður flutti ávarp og kom fram í máli hans að af rekstrarniðurstöðu ársins leiðir að félagið er vel í stakk búið til að takast á við verkefni framtíðarinnar, viðskiptavinum sínum og samfélaginu til hagsbóta.

Þá þökkðu framkvæmdastjóri og stjórnarformaður samstarfsfólki, viðskiptavinum og íbúum og verktökum fyrir samstarfið á árinu.

Stjórn félagsins var endurkjörin á fundinum og sátu Gunnlaugur Stefánsson, Sigurgeir Höskuldsson og Soffía Helgadóttir áfram fram að **hluthafafundi** félagsins sem haldinn var hinn 15. júlí 2015. Þá kom Páll Kristjánsson inn í stað Soffíu Helgadóttur og var stjórnin þannig skipuð í árslok 2014.



Gunnlaugur Stefánsson  
Stjórnarformaður




Páll Kristjánsson  
Meðstjórnandi



Sigurgeir Höskuldsson  
Meðstjórnandi



Varamenn í stjórn Orkuveitunnar voru kjörnir þeir Friðrik Sigurðsson, Óli Halldórsson og Jónas Einarsson.



Kjarnastarfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf.

## Hitaveita

Í upphafi ársins var nýtt **dæluhús** Orkuveitu Húsavíkur ohf. (OH) við Strút á Hveravöllum tengt við stofnlögn hitaveitu fyrir Aðaldal og Kinn. Byggingu dæluhússins lauk 2013.


Endurnýjuð var lögn í túni við Grímshús, um 150 metra kafli, í maí. Sumartíminn fór svo að mestu í hefðbundið viðhald. Í september var unnið að endurbótum á **stöfnlögn** í Aðaldal og Kinn og þurfti að loka fyrir vatn frá Lindahlíð yfir í Kinn. Við þessar aðstæður bendir OH viðskiptavinum sínum á að hafa skrúfað fyrir alla heitavatnskrana til að draga út hættu á slysi eða tjóni þegar vatn kemst á að nýju.



**Heitavatnssala** árið 2014 var 167,7 m.kr. og tekjur af föstum gjöldum voru 17,9 m.kr. Sölutölur ársins 2013 voru til samanburðar 169,6 m.kr. og 16,2 m.kr. Á árinu voru seldir 1.984.474 m<sup>3</sup> af heitu vatni en árið á undan voru seldir 2.174.446 m<sup>3</sup>. Lægri sölu má rekja til hækkandi meðalhita. Meðalhitinn árið 2014 var 5,15 stig en var 3,63 stig árið á undan. Mælingar hófust á sjálfvirku stöðinni á



Húsavík haustið 2002 og er árið 2014 hlýjasta árið sem mælst hefur síðan þá, skv. upplýsingum Veðurstofunnar.



## Vatnsveita


Í maí var unnið að seinni áfanga endurnýjunar lagna í dæluhúsi á Raufarhöfn og þurfti að loka fyrir kalt vatn í bæinn meðan á því stóð. Lokunin stóð fram eftir kvöldi. Þegar vatni var hleypt á vatnsveitu að lokinni endurnýjun í dæluhúsi komst vatn á með litlum þrýstingi í stuttan tíma. Vatnslaust varð aftur og unnu starfsmenn Orkuveitunnar og áhaldahúss Norðurþings sleitulaust þar til vatn komst aftur á.

Á árinu voru endurnýjaðar heimlagna fyrir heitt og kalt vatn í raðhúsum að Garðarsbraut 55-61 og á haustmánuðum var unnið að stækkun heimlagna við Fosshótel, fyrir bæði heitt og kalt vatn.

Af fasteignum í Norðurþingi er greitt vatnsgjald



sem innheimt er með fasteignagjöldum. Fyrirtæki á svæðinu greiða auk þess fyrir mælda notkun. Árið 2014 voru seldir 729.173 m<sup>3</sup> samanborið við 924.647 m<sup>3</sup> árið 2013. Heildartekjur vatnsveitu (vatnsgjald seldir m<sup>3</sup>, tengigjöld og föst gjöld) voru 72 m.kr. árið 2014 en voru 73,3 m.kr. árið á undan. Minni sölu má rekja til þess að vinnslufyrirtæki á Húsavík og Kópaskeri hættu starfsemi á árinu.



## Fráveita

Í byrjun mars voru opnuð tilboð í útboði "Hafnarstétt Húsavík - sökkræsi". Sökkræsi er lögn undir þrýstingi en án dælingar. Eitt tilboð barst í verkið, frá Nesey ehf., Selfossi. Tilboðsfjárhæðin var 49,6 m.kr. sem var 122% yfir kostnaðaráætlun hönnuða hjá Mannvit. Samningur komst á milli fyrirtækjanna og hóf verktaki störf í apríl.

Í júní var framkvæmdum lokið og hleypt á nýtt fráveitukerfi, sökkræsi, sem liggur frá Búðarargili, um hafnarstétt og að brunni við Hallanda. Þaðan liggur kerfið að útrás við Bökugarð. Eftir þessa framkvæmd fer megnið af því fráveituvatni sem áður fór út í Búðarárósinn í Suðurfjöru út fyrir Bökugarð. Einn áfangi er eftir til að hægt verði að leggja af Búðarárútrásina. Hann felst í dælingu fráveituvatns af suðurhluta hafnarsvæðisins. Framkvæmdin gekk vel og var allt kapp lagt á að ljúka verkinu eins hratt og örugglega og mögulegt var.



Gjöld vegna fráveitu eru innheimt með fasteignagjöldum. Tekjur ársins 2014 voru 46,6 m.kr. en voru 45,6 m.kr. árið á undan.

## Rannsóknir og þróun

Á árinu var framhaldið vatnsmælingum á rennsli Bakkaár sem Orkuveita Húsavíkur ohf. hefur síðan síðastliðið haust staðið fyrir. Til eru rannsóknir á rennsli árinna frá fyrri tíð en nauðsynlegt þykir að bæta við þær upplýsingar sem til eru, ekki síst með tilliti til fyrirhugaðrar slökkvivatnstjarnar. Notast er við stíflu með V-laga yfirfalli. Starfsmenn fara með reglulegu millibili og mæla vatnshæð á yfirfalli og skrá niður ásamt veðuraðstæðum við hverja mælingu.



Hagkvæmnimat hitaveitu í Kelduhverfi var unnið á árinu af Eflu verkfræðistofu. OH stóð fyrir opnum fundi í Skúlagarði í júlí þar sem Árni S. Sigurðsson verkfræðingur hjá Eflu kynnti niðurstöður matsins og svaraði spurningum. Þá var tilgangur fundarins einnig að leita upplýsinga hjá íbúum. Mæting á fundinn var ekki afgerandi og því sendi Orkuveitan út spurningalista undir lok árs til að kanna áhuga íbúanna miðað við gefnar forsendur.

## Samtök – dóttur og hlutdeildarfélög

Orkuveita Húsavíkur ohf. er aðili að félagasamtökum og á hlutdeild í nokkrum félögum sem hér segir:

- Aðild að **Samorku** - samtökum orku- og veitufyrirtækja.
- 50,77% hlutur í **Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf.** sem er dótturfélag OH.
- 48,75% hlutur í **Hrafnabjargavirkjun hf.**
- 24,5% hlutur í **Íslenskri Orku ehf.**
- 13,78% hlutur í **Sjóböðum ehf.**
- 5,00% hlutur í **Mýsköpun ehf.**

## Mannauðsmál



Á árinu tók starfsfólk Orkuveitu Húsavíkur ohf. þátt í **símenntunarnámskeiði**, jarðlaganámskeiði, sem haldið var á vegum Samorku. Markmið námskeiðsins var að standa fyrir fræðslu fyrir nokkur af þeim mikilvægustu málefnum sem snerta vinnu við jarðlagnir. Þetta var fyrsti hluti námskeiðsins og voru tekin fyrir öryggismál, lagnaskipulag, hreinlætismál, algengar bilanir og frágangur lagna til að koma í veg fyrir bilanir, bilanaleit ofl.



Sigtryggur Klemensson lét af störfum hjá OH á árinu og eru honum þökkúð vel unnin störf í þágu félagsins. Pétur Vopni Sigurðsson var ráðinn til OH til að stýra þróun skv. skipuriti Orkuveitunnar. Pétur Vopni er með B.Sc. próf í rafmagnstæknifræði á sterkstraumssviði. Hann hefur starfað undanfarin ár hjá RARIK og nú síðast sem yfirmaður rekstrarsviðs á Akureyri.

## Styrkveitingar

Á árinu skrifuðu Orkuveita Húsavíkur ohf. og íþróttafélagið Völsungur undir samstarfs- og styrktarsamning til þriggja ára. Það er stjórn og starfsmönnum OH ánægjuefni að taka þátt í því mikilvæga starfi sem íþróttafélagið innir af hendi. Markmið Orkuveitunnar er að styðja Völsung í íþrótt- og uppeldishlutverki sínu auk þess að skapa jákvætt viðhorf til fyrirtækisins á starfssvæði félagsins. Þá er ætlunin að auka sýnileika Orkuveitunnar með því að koma upp auglýsingaskiltum í íþróttahöllinni, við fótboltavellina og í sundlauginni.



OH styrkti einnig Golfklúbb Húsavíkur sem vinnur að því að byggja upp vökvunarkerfi á Katlavelli. Katlavöllur á Húsavík er með glæsilegustu 9 holu golfvöllum landsins og það kostar mikla vinnu og fjármagn að viðhalda honum. Uppbygging vökvunarkerfisins er nokkurra ára verkefni og er það Orkuveitunni ánægja að hafa lagt klúbbnum lið.



OH gerði líka styrktarsamning við Héraðssamband Þingeyinga, HSP vegna landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið var á Húsavík dagana 20.-22.júní n.k. Þó mótið sé að mestu haldið á Húsavík kemur Þingeyjarsýslan öll að því. Það var OH ljúft og skylt að taka þátt í íþrótt- og heilsuhátíðinni með þessum hætt.



Orkuveitan veitti einnig minni styrki á árinu til ýmissa verkefna í samfélaginu.

